

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1963 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

17. desember.

Nr. 89.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hinn 1. janúar 1963 fellur úr gildi 10. gr. laganna.

Allar bætur skulu frá sama tíma greiddar samkvæmt ákvæðum laganna um bætur á 1. verðlagssvæði.

Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á aðrar reglur laganna en þær, er snerta bætur, iðgjöld og framlög.

2. gr.

Við skiptingu framlags sveitarfélaga á umdæmi kaupstaða og sýslufélaga árið 1963 skal áætla útgjöld lífeyristrygginga í hverju umdæmi, sem var á öðru verðlagssvæði árið 1962, miðað við að þau hefðu þá verið á fyrsta verðlagssvæði.

3. gr.

Ellilífeyrir skv. 13. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, svo og örorkulífeyrir skv. 14. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 13 31. marz 1960, um breyting